

TÓNLIST Í HAFNARFIRÐI

BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR 90 ÁRA
FRÍÐRIK BJARNASON 50 ÁRA ÁRTÍÐ
PÁLL KR. PÁLSSON 100 ÁRA MINNING



TÓNLIST Í HAFNARFIRÐI

BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR 90 ÁRA
FRÍÐRIK BJARNASON 50 ÁRA ÁRTÍÐ
PÁLL KR. PÁLSSON 100 ÁRA MINNING



BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR

Tónlist í Hafnarfirði

**Bókasafn Hafnarfjarðar 90 ára
Friðrik Bjarnason 50 ára ártíð
Páll Kr. Pálsson 100 ára minning**

Útgefendur

Sögumiðlun ehf í samstarfi við Bókasafn Hafnarfjarðar, 2012.

Höfundur texta

Njáll Sigurðsson

Hönnun og umbrot

Ólafur J. Engilbertsson / Sögumiðlun ehf.

Prentun skrár

Litróf / Hagprent ehf.

Prentun sýningar

Sýningakerfi ehf.

© Njáll Sigurðsson, 2012.

Höfundi texta eru áskilin öll réttindi.

Rit þetta má eigi afrita með neinum hætti
svo sem ljósrítun, prentun, hljóðrítun eða
á annan sambærilegan hátt, þar með talið
tölvutækt form, án skriflegs leyfis útgefenda.

Styrktaraðilar

Sjóður Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur,
Hafnarfjarðarbær.

Sérstakar þakkir

Byggðasafn Hafnarfjarðar, Tónlistarsafn Íslands.

ISBN 978-9979-9816-2-6

Bókasafn Hafnarfjarðar 90 ára

Upphaf og forsaga

Bókasafn Hafnarfjarðar tók til starfa 18. október 1922. Aðalhvatamaður að stofnun safnsins var Gunnlaugur Kristmundsson kennari og sandgræðslustjóri. Framtak hans varð til þess, að bæjarstjórn samþykkti 8. mars 1921 að stofna skyldi bókasafn til frjálsra afnota fyrir bæjarbúa. Áður en Bókasafn Hafnarfjarðar tók til starfa höfðu verið gerðar tilraunir með lestrarfélög í bænum. Þau komu að talsverðu gagni en stofnað var til þeirra af vanefnum og bókakostur fremur lítill.

Lestrarfélagið Framför starfaði á árunum 1907-17. Ekkert lestrarfélag var starfandi þegar Gunnlaugur Kristmundsson tók að sér að beita sér fyrir stofnun almenningsbókasafns.



Gunnlaugur Kristmundsson.

Húsnæði og starfsemi

Í fyrstu fékk bókasafnið til afnota lítið herbergi í suðurenda gamla barnaskólans við Suðurgötu. Árið 1928 flutti safnið í allgóða kennslustofu í barnaskólanum enda var skólinn þá fluttur í nýja húsið við Lækinn. Safnið var í gamla barnaskólanum til ársins 1937. Árið eftir fluttist það í rúmgott húsnæði á efri hæð austurálmú nýja Flensborgarskólans á Hamrinum.

Bókasafnið stækkaði hratt og fljótlega eftir seinna stríð var farið að leita að heppilegum stað fyrir safnið. Árið 1948 fór bókasafnsnefnd þess á leit við bæjarstjórn að safnið fengi lóð við Mjósund undir bókhlöðu. Það gekk eftir og 31. maí 1958 var nýja bókhlaðan að Mjósundi 12 vígð




Barnaskólinn við Suðurgötu.



Lækjarskóli.

við hátíðlega athöfn. Arkitekt var Sigurður J. Ólafsson bæjarverkfræðingur. Fyrstu árin notaði bókasafnið einungis neðri hæðina en Iðnskólinn í Hafnarfirði leigði efri hæðina.



Flensborgarskólinn.



Mjósund 12.

Árið 1972 fékk bókasafnið til afnota allt húsið sem er um 536 fermetrar. Safnið var til húsa að Mjósundi 12 í tæp 44 ár.

Þann 20. apríl 2002 var bókasafnið opnað í nýju húsnæði að Strandgötu 1, sem er tæplega þrisvar sinnum stærra en bókhlaðan í Mjósundinu.

Yfirbókaverðir

Anna Guðmundsdóttir 1955-1970.

Þorbjörg Björnsdóttir 1971-1992.

Anna Sigríður Einarsdóttir frá 1992.

Friðriksdeild

Merkasta gjöfin til safnsins er án efa bækur og munir hjónanna Guðlaugar Pétursdóttur og Friðriks Bjarnasonar tónskálds. Árið 1960 arfleiddu þau hjón Hafnarfjarðarbæ að miklum hluta eigna sinna og mæltu svo fyrir í erfðaskrá, að bækur og munir skyldu varðveittar í bókasafninu. Þetta eru um 2000 bindi, mest bækur um tónlist, nótur og músíklöð. Er safnið hið merkasta, sumt ófáanlegt annars staðar og í rauninni ómetanlegt.

Friðrik Bjarnason var alla tíð mikill notandi safnsins, vinur þess og velunnari. Hann mun hafa samið fyrstu bókaskrá þess, sem prentuð var handa almenningi. Páll Kr. Pálsson var umsjónarmaður Friðriksdeildar 1960-1987.



Guðlaug Pétursdóttir og Friðrik Bjarnason.

Heimild: Stefán Júlíusson. *Bókasafnið í Hafnarfirði, fimmtíu ára*. Bæklingur útgefinn af Bæjar- og héraðsbókasafninu í Hafnarfirði 1972.

Friðrik Bjarnason tónskáld

Hálfrar aldar ártíð



Um þessar mundir er hálf öld liðin frá andláti Friðriks Bjarnasonar tónskálds.

Friðrik var fæddur þann 27. nóvember 1880 í Götu á Stokkseyri. Foreldrar hans voru Bjarni Pálsson (f. 18. júní 1857, d. 24. febr. 1887) og kona hans Margrét Gísladóttir (f. 23. maí 1857, d. 3. okt. 1940). Bjarni var af Bergsætt sem löngum hefur verið þekkt fyrir söng- og tónlistargáfur. Forfeður hans höfðu verið forsöngvarar við Stokkseyrarkirkju hver á eftir öðrum um marga ættliði. Bræður Bjarna voru Jón Pálsson organleikari og Ísólfur Pálsson tónskáld, faðir Páls Ísólfssonar tónskálds, dómorganista og forystumanns í tónlistarlífi þjóðarinnar á liðinni öld. Bjarni hóf ungur að iðka söng og tónlist, gerðist organleikari, stofnaði söngflokk og stjórnaði honum. Hann

stýrði söng í Stokkseyrarkirkju, fyrst sem forsöngvari og síðar sem organleikari og söngstjóri eftir að hljóðfæri kom í kirkjuna 1876. Auk búskapar í Götu sótti hann sjóinn og varð formaður.

Friðrik ólst upp hjá foreldrum sínum ásamt þremur albræðrum sem upp komust. Þann 24. febrúar 1887 drukknaði faðirinn Bjarni í sjóróðri ásamt föður sínum Páli og fjórum mönnum öðrum. Bjarni var tæplega þrítugur er hann fórst og sonurinn Friðrik aðeins 6 ára. Má nærri geta hvílíkt áfall og sorgaratburður föðurmissirinn hefur verið drengnum unga og fjölskyldu hans. Móðirin hætti búskap skömmu síðar en dvaldi með sonum sínum áfram í Götu eftir að jörðin var leigð öðrum til ábúðar.

Fjárhagur fjölskyldunnar var svo þröngur að móðirin neyddist til að selja allar eigur sínar sem ekki voru teknar upp í skuldir, meðal annars orgel föðursins Bjarna og allar nótnabækur sem hann hafði átt. Mun Friðrik hafa þótt hvað sárast að sjá á bak þessum minjum um tónlistariðkun föður síns. Einnig varð þetta til þess að Friðrik gat á næstu árum ekki hlúð að þeim áhuga sínum á söng og tónlist sem vaknað hafði hjá honum í æsku. Hann gekk í barnaskóla á Stokkseyri en efnahagur fjölskyldunnar leyfði ekki að hann yrði kostaður til frekara náms. Ætlun Bjarna föður hans mun hafa verið að sonurinn gæti fengið tilsögn í sönglist og hljóðfæraleik en úr því varð ekki fyrr en löngu síðar.

Margrét móðir Friðriks var ættuð úr Flóanum, dóttir Gísla bónda í Hafliðakoti, Einarssonar og konu hans Katrínar Ólafsdóttur. Átti Margrét ættir að rekja til merkisbænda og kirkjuhöfðingja langt aftur í aldir. Þegar Friðrik var um fermingaráldur flutti móðir hans með syni sína að Eystra-Íragerði í húsmennsku, en þar hafði hún verið alin upp frá tólf ára aldri. Nokkru síðar tók Margrét saman við Jón Þórðarson vinnumann þar á bænum og reistu þau bú í Íragerði en fluttu síðar að Traðarkoti. Þjuggu þau þar lengi og síðar börn þeirra, hálsystkini Friðriks. Hjá Margréti og Jóni bjó Friðrik allt þar til er hann fór að heiman og fluttist suður, fyrst til Reykjavíkur og síðar Hafnarfjarðar.



Bjarni Pálsson, faðir Friðriks.

Á uppvaxtarárum sínum stundaði Friðrik ýmis störf, að vetrinum á Stokkseyri en var í sveit á sumrum í uppsveitum Árnessýslu, Ytri-Hrepp og Tungum. Vorið 1899 fór hann suður til Reykjavíkur og stundaði jarðræktarvinnu á Grímsstaðaholti þá um sumarið en hafði ekki ákveðið hvað gera skyldi um veturinn. Hugur hans stóð til náms og skólagöngu, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Um haustið fór Friðrik suður í Hafnarfjörð ásamt öðrum Stokkseyringi og æskuvini sínum, Sigurði Adólfsyni. Hittu þeir skólastjóra Flensborgarskólans og voru báðir innritaðir til náms þar á komandi vetri. Þrátt fyrir lítil efni og frátafir frá námi, m. a. vegna veikinda, tókst Friðrik að ljúka námi sínu við Flensborgarskólann og útskrifaðist með kennarapróf vorið 1904.

Tónlistarnám Friðriks hófst ekki fyrr en hann var orðinn hálfprítugur að aldri. Á sumrin stundaði hann ýmsa vinnu og vorið 1905 var hann við sumarvinnu uppi á Kjalarnesi. Við guðsþjónustu í Saurbæjarkirkju heyrði hann fallett lag sem hann hafði oft heyrt föður sinn og frændur fara með á æskuárum sínum á Stokkseyri. Á heimleiðinni ákvað hann að hefja nám í orgelspili, þótt seint væri. Aðstæður til þess voru ekki hagstæðar, því hann vann erfiðisvinnu á sumrin og stundaði kennslustörf allan veturinn. Friðrik stóð við þessa ákvörðun sína þótt orðinn væri 25 ára að aldri og hefði nokkru áður einungis lært að þekkja nóturnar.

Fyrstu tilsögn í orgelleik mun Friðrik hafa fengið hjá föðurbræðrum sínum, Ísólfi og Jóni Pálssonum. Síðar lærði hann orgelleik hjá Sigfúsi Einarssyni tónskáldi, sem einnig var frændi Friðriks.

Tónlistarnám var á þessum tíma ekki auðsótt, enginn tónlistarskóli var til í landinu. Friðrik hafði einungis stopular frístundir frá kennslu og sumarstörfum til þess að leggja stund á þetta helsta áhugamál sitt, tónlistina og æfa sig á hljóðfæri. Námið fyrstu árin mun því að hluta til hafa verið sjálfsnám. Merkasti áfanginn í tónlistarnámi Friðriks var þegar honum tókst að komast út til Danmerkur tvö sumur og dvelja þar við nám. Sumurin 1912 og 1913 stundaði hann nám við tón-



Frá söngprófi í Barnaskóla Hafnarfjarðar vorið 1937. Blandaður kór nemenda og kennara. Nokkrir drengir skólans sungu tvær efri raddirnar (sópran og alt) en kennarar skólans tvær þær neðri (tenór og bassa). Friðrik Bjarnason stjórnaði.

listardeild Kennaraháskólans í Kaupmannahöfn og lagði þar einkum stund á orgelleik, hljómfærði og kórstjórn. Helsti lærimeistari Friðriks í þessum greinum var Johan Henrik Nebelong, þekktur organisti, uppeldisfræðingur og eftirlitsmaður með söngkennslu í dönskum skólum.

Friðrik hóf starfsferil sinn sem barnakennari á sínum heimaslóðum austur í Árnessýslu. Á námsárunum kenndi hann við barnaskólann á Stokkseyri 1901-02 en að loknu kennaraprófi starfaði hann sem farkennari í Villingaholtshreppi 1904-06 og í Gaulverjabæjarhreppi 1906-08. Árið 1908 fluttist Friðrik til Hafnarfjarðar og bjó þar upp frá því allt til æviloka. Hann var ráðinn kennari við Barnaskóla Hafnarfjarðar þá um haustið og starfaði þar um tæpa fjóra áratugi fram til 1945 og var settur skólastjóri veturinn 1929-30. Auk þess starfaði hann sem söngkennari við Flensborgarskólann 1908-21 og við Iðnskólann í Hafnarfirði 1931-35.

Eftir að Friðrik settist að í Hafnarfirði og hóf þar kennarastörf haustið 1908, varð hann helsti forystumaður og brautryðjandi í tónlistarlífi Hafnfirðinga um áratuga skeið. Að aðalstarfi var hann barnakennari en hans helsta áhugamál í skólastarfinu var að kenna börnum og ungmennum söng og jafnframt stjórnaði hann skólakórum. Organleikarastörf og söngstjórn kirkjukóra annaðist hann um 45 ára skeið, lengst af við Hafnarfjarðarkirkju um 36 ár. Friðrik stofnaði ýmis söngfélög og kóra og stjórnaði þeim. Hann stofnaði Karalakórinn Presti árið 1912 og var fyrsti söngstjóri hans fram til ársins 1924. Aldarafmælis Þrasta hefur verið minnst með miklum myndarbrag og tónleikahaldi að undanfögnu. Kvinnakórinn Erlur stofnaði



Karlaðórinn Prestir 1937. Fremsta röð frá vinstri: Eiríkur Guðmundsson, Sigurgeir Vilhjálmsson, Pálmi Ágústsson, Sr. Garðar Þorsteinsson, Jón Ísleifsson stjórnandi, Guðmundur Gissurarson, Stefán Jónsson, Daníel Bergmann, Kristmundur Georgsson. Önnur röð frá vinstri: Magnús Kristinsson, Hörður Vigfússon, Sófus Berthelsen, Guðmundur Þórðarson, Sigurður Þorláksson, Sigurður Eyjólfsson, Guðjón Gunnarsson, Jóhann Björnsson, Kristján Gamalielsson, Jón Hjörtur Jónsson. Þriðja röð frá vinstri: Kristinn Guðjónsson, Böðvar Sigurðsson, Gísli Þórðarson, Gísli Gissurarson, Þórður Björgvin Þórðarson, Jón Ólafsson, Sigurbjörn Magnússon, Þorleifur Guðmundsson, Jón Sigurðsson. Fjórtða röð frá vinstri: Hallsteinn Hinriksson, Bjarni Ísleifsson, Greipur Sveinsson, Hermann Guðmundsson, Vigfús Sigurðsson, Guðni Þórðarson, Bjarni Guðmundsson, Páll Þorleifsson, Aðalsteinn Þórðarson, Kristinn Guðmundsson, Ásgrímur Ágústsson.

hann 1918 og stjórnaði honum í nokkur ár. Auk þessara starfa kenndi hann einnig nokkuð á hljóðfæri.

Friðrik var einn af hvatamönnum þess að stofnað var Tónlistarfélag Hafnarfjarðar árið 1946. Í upphafi stuðlaði félagið einkum að tónleikahaldi í Hafnarfirði og hafði um það samstarf við Tónlistarfélagið í Reykjavík, sem fékk hingað til lands margt heimspekt tónlistarfólk. Margir kunnir tónlistarmenn þess tíma komu fram á tónleikum félagsins í Hafnarfirði. Síðar hafði Tónlistarfélagið forgöngu um að hafin var tónlistarkennsla á þess vegum og að stofnaður var Tónlistarskóli Hafnarfjarðar haustið 1950.

Friðrik Bjarnason var mikill áhugamaður um aukna og bætta söngkennslu í skólum. Í því skyni að kynna sér nýjungar í tónlistarkennslu erlendis, fór hann í náms- og kynnisferðir til Norðurlanda og Þýskalands, 1925 og 1931. Á sviði kennslumála lagði hann fram drjúgan skerf með útgáfu ýmissa merkra rita til söng-



Friðrik Bjarnason við hljóðfærið. Ljósmyndari óþekktur. Ljósmyndasafn Akraness.

kennslu og fyrir söngkennara. Við útgáfu þeirra rita átti hann samstarf við ýmsa tónlistarmenn, kennara og forystumenn skólamála. Má segja að með þessum útgáfustörfum sínum hafi Friðrik í raun unnið brautryðjendastarf við verkefni sem síðar á 20. öld voru unnin á vegum ráðuneytis og ríkisstofnana á sviði námsefnisútgáfu, námskrárgerðar og námstjórnar. Af slíkum ritum Friðriks og samstarfsmanna hans má telja að áhrifaríkust hafi orðið hefti sem nefnd voru *Skólasöngvar*. Þeim fylgdi síðar nótnabók, *Nýtt söngvasafn*, sem í daglegu tali kennara var nefnd „Bláa bókin“, vegna litar á kápu þar sem teiknuð var mynd af söngkennara og syngjandi börnum. Skólasöngvaheftin og söngvasafnið voru þungamiðja í þeirri söngkennslu sem iðkuð var í barnaskólum, allt frá um 1930 og fram yfir 1970. Áhrifa af þessum ritum gætir enn í dag í skólasöng og tónmennt grunnskóla.

Það sem lengst mun halda á lofti nafni Friðriks Bjarnsonar eru tónsmíðar hans og þjóðkunn sönglög sem hann samdi. Hann var afkastamikið tónskáld og gaf út fjölda nótnabóka með ýmiss konar verkum, sönglögum og barnasöngvum, kórsöngvum fyrir barnakóra, blandaða kóra og karlakóra. Einnig samdi hann sálmalög og tónverk fyrir hljóðfæri, einkum orgel og harmóníum. Heildarútgáfa með öllum varðveittum tónsmíðum Friðriks kom út árið 1990.



Friðrik Bjarnason stjórnar Karalakórnum Þróstum á Hörðuvöllum í Hafnarfirði 17. júní 1953. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur með.

Til að semja sönglag sem nær til hjartans og þjóðarsálarinnar, lifir á vörum fólksins í landinu, þarf náðargáfu sem fáum er gefin. Tónsköpunargáfu til að semja alþýðulög af slíku tagi, hafði Friðrik Bjarnason til að bera. Sum sönglaga hans hafa náð hylli allra syngjandi Íslendinga. Nægir að nefna í því sambandi lög eins og „Fyrr var oft í koti kátt“ (Í Hlíðarendakoti), „Hafið, bláa hafið“ (Sigling) og „Jólasveinar ganga um gólf“. Fáir muna lengur hver samdi þau og færði söngelsku fólki, eldra og yngra. Þau eru orðin hluti af söngarfi þjóðarinnar.

Eiginkona Friðriks Bjarnasonar var Guðlaug Pétursdóttir frá Grund í Skorradal, mikil sæmdarkona, listfeng og skáldmælt. Þau gengu í hjónaband árið 1913 og áttu sér mikið myndarheimili í nágrenni Barnaskólans, lengst af við Hverfisgötu en síðar við Sunnuveg. Guðlaug orti ljóð við sum af sönglögum Friðriks og stundum samdi hann lög við ljóð konu sinnar. Þegar fagnað var 25 ára afmæli Karlakórsins Þrasta árið 1937, gáfu þau hjónin kórnum og bæjarbúum lag og ljóð sem ber yfirskriftina: „Hafnarfjörður“. Frú Guðlaug orti textann og Friðrik samdi lagið. Má með sannni segja að þetta listræna framlag og gjöf þeirra hjóna hafi með tímanum orðið að hátíðarsöng bæjarbúa, því hann er mjög oft sunginn á hátíðisdögum og við ýmsa menningarlega mannfagnaði í Hafnarfirði, enn á okkar dögum.

Síðustu árin frá 1960, bjuggu þau hjónin á Elli- og hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Friðrik andaðist 28. maí 1962 en Guðlaug lifði mann sinn og lést 18. október 1966.



Friðrik og Guðlaug eignuðust ekki lögerfingja. Þau arfleiddu Hafnarfjarðarbæ að mestöllum sínum eigum, húseign, munum og minjum innanstokks, ljósmyndum, bréfum, skjölum og handritum, hljóðfærum, nótum, bókum og hljóðritum. Bækur, nótur, nótnahandrit og ýmis önnur gögn skyldu varðveitt í Bókasafni Hafnarfjarðar. Þessi gjöf og safnkostur varð fyrsta aðaluppistaðan að Tónlistardeild Bókasafns Hafnarfjarðar sem var formlega stofnuð árið 1960 og nefnd Friðriksdeild, til heiðurs tónskáldinu. Fyrsti forstöðumaður deildarinnar var eftirmaður Friðriks, Páll Kr. Pálsson (f. 30. ág. 1912, d. 29. okt. 1993) organleikari og fyrsti skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Tónlistardeildin hefur vaxið og dafnað, ekki síst á síðari árum og er nú orðin stærsta og öflugasta deild sinnar tegundar sem finna má í almenningssafnbókasöfnum hér á landi, einkum hljómplötu- og hljómdiskasafnið. Mestallur safnkosturinn er til útláns fyrir gesti og lánþega deildarinnar.

Af gjöf og erfðafé þeirra hjóna var stofnaður sjóður sem ber nöfn þeirra: Sjóður Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur. Til hans renna höfundarréttargjöld af sönglögum og tónverkum Friðriks. Sjóðurinn er í eigu og vörslu Hafnarfjarðarbæjar og er honum til forystu þriggja manna stjórn, skipuð fulltrúum tónlistarfólks, menningardeild bæjarins og Tónlistardeildarinnar. Styrkjum er úthlutað samkvæmt umsóknum einu sinni á ári, og er afhending í tengslum við afmælisdag tónskáldsins, í lok nóvember.



Samkvæmt ljósmyndum hefur Friðrik Bjarnason verið myndarlegur maður og fríður sýnum, frá honum hefur stafað ljúfmennska og manngæska. Samtímamaður lýsti honum þannig að hann hafi verið vörpulegur á velli, í hærra lagi og þéttvaxinn. Einnig að hann hafi verið ör í lund, fljótur að skipta skapi en drenglundaður. Hann gat verið mishittinn og mislyndur en mátti ekki vamm sitt vita. Skaplyndi hans hafi borið einkenni listamannsins. Virðast ýmsir skapgerðareiginleikar hans hafa verið einkennandi fyrir fleira listafólk af Bergsætt.

Friðriks Bjarnasonar tónskálds verður ætíð minnst með virðingu og þökk fyrir hans listræna lífsstarf og allt hans ríkulega framlag til söngs, tónmennta og tónlistarlífs, bæði í sinni heimabyggð Hafnarfirði og í þágu þjóðarinnar allrar, ekki síst barna og ungmenna.

Helstu heimildir um Friðrik Bjarnason, ævi hans og störf:

Ritaðar heimildir:

Friðrik Bjarnason 1880-1962: *Minningar*. 64 s. Akranesi, Akranesútgáfan, 1957.

Friðrik Bjarnason 1880-1962: *Tónsmíðar*. ix, [1], 344 s., myndir, nótur. Hafnarfirði, Sjóður Friðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur - Hafnarfjarðarbær, 1990. Gefið út til minningar um Friðrik Bjarnason og konu hans, Guðlaugu Pétursdóttur. Formáli / Eiríkur Pálsson, Páll Kr. Pálsson, Stefán Júlíusson: s. v-vi. Friðrik Bjarnason - Æviágrip / Stefán Júlíusson. Lagaskrá, í stafrófsröð: s. 331-339. Höfundar ljóða, í stafrófsröð: s. 340-344. Flokkun laganna: s. 1.

Garðar Þorsteinsson 1906-1979: „Sextugt tónskáld“. Skráð hefir síra Garðar Þorsteinsson. *Morgunblaðið*, 27. nóvember, 1940, s. 5.

Hallgrímur Helgason 1914-1994: *Tónskáld og tónmenntir*. Teikningar: Árni Elfar. Reykjavík, 1993. 229 s., myndir, teikn., nótur. Ritröð: *Íslensk tónmenntaritun*; S. 13-30: Friðrik Bjarnason.

Kennaratal á Íslandi. 1. - 5. bindi. Ritstjórar Ólafur Þ. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir. Reykjavík, Oddi, 1985-1988. 1. b., s. 142: Friðrik Bjarnason.

Ólafur Þ. Kristjánsson 1903-1981: „Friðrik Bjarnason, tónskáld. Fæddur: 27. nóv. 1880. Dáinn: 28. maí 1962“. *Alþýðublaðið*, 2. júní 1962, s. 7.

Rafrænar heimildir:

Bókasafn Hafnarfjarðar: Upplýsingar af heimasíðu safnsins, m. a. um tónlistardeild safnsins og sögu hennar.

Munnlegar heimildir og aðstoð:

Bókasafn Hafnarfjarðar. Anna Sigríður Einarsdóttir forstöðumaður og Valdemar Pálsson deildarstjóri tónlistardeildar: Munnlegar heimildir og upplýsingar af margvíslegu tagi. Aðstoð við yfirlestur og frágang handrits.

Páll Kr. (Kristinn) Pálsson

**organleikari, kórstjóri og skólastjóri í Hafnarfirði
(1912-1993)**

Aldarminning



Páll Kr. Pálsson var eftirmaður Friðriks Bjarnasonar á organistastóli í Hafnarfjarðarkirkju, jafnframt varð hann sporgöngumaður Friðriks í mörgu tilliti, ekki síst sem brautryðjandi og forystumaður í söng- og tónlistarlífi Hafnarfirðinga.

Páll var fæddur þann 30. ágúst árið 1912 á Skólavörðustíg 8 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Páll Árnason lögregluþjónn í Reykjavík (f. 25. des. 1871, d. 24. apríl 1930) og Kristín Árnadóttir kona hans (f. 12. júlí 1877, d. 8. júní 1958).

Faðir hans starfaði sem lögreglumaður í Reykjavík í hartnær 30 ár og var þekktur maður á sinni tíð. Hann var lögregluþjónn nr. 2, á eftir

Þorvaldi Björnssyni, sem var lögregluþjónn nr. 1, oft kallaður „Valdi pól“. Páll var fæddur á Fellsmúla í Landmannahreppi, sonur Árna Árnasonar bónda þar og konu hans, Ingiríðar Guðmundsdóttur. Foreldrar hans bjuggu fyrst í Tungu á Rangárvöllum, síðan á Fellsmúla og síðast á Skammbeinsstöðum í Holtum.

Páll Árnason var tvígiftur. Fyrri kona hans var Valgerður Runólfsdóttir frá Syðra-Rauðalæk í Holtum og áttu þau saman dótturina Láru. Páll og Valgerður skildu eftir stuttan hjúskap. Lára dóttir þeirra var ógift og barnlaus, hún dvaldi alla sína ævi hjá móður sinni og móðurbróður að Syðra-Rauðalæk.

Eftir skilnaðinn fluttist Páll til Reykjavíkur skömmu eftir aldamótin 1900. Þann 16. ágúst 1904 kvæntist hann síðari konu sinni, Kristínu, dóttur Árna bónda að Miklaholtshelli í Flóa, síðar verkstjóra á Tóftum í Reykjavík, Guðmundssonar, og Þorbjargar Filippusdóttur konu hans. Kristín og eiginmaður hennar voru bæði af þeirri þekktu og fjölmennu ætt sem jafnan er kennd við Víkingslæk.

Páll og Kristín eignuðust níu börn og var Páll yngri sjöunda barn foreldra sinna. Eldri voru: Þorbjörg (1904-1991), Bjarney (1905-1992), Árný (1907-1987), Árni (1908-1992), Inga (skírd Ingiríður; 1910-2003) og Kristín (1911-1991). Yngri voru systurnar Auður (1914-1966) og Sigríður (1918-2012).



Páll sparíklæddur á stuttbuxum, lengst til vinstri, ásamt foreldrum og systkinum. Ljósmynd: Ólafur Magnússon.

Á Skólavörðustíg 8 var mikið tónlistarheimili, þar var bæði sungið og spilað á hljóðfæri. Páll eldri var söngelskur maður og sá til þess að ekkert skorti á heimilinu svo þar mætti halda uppi söng og hljóðfæraleik. Á heimilinu voru orgel, píanó og upptrektur plötuspilari fyrir 78 súninga plötur. Slík hljóðfæra- og hljómtækjaeign mun ekki hafa verið algeng hjá efnalitlum og barnmörgum fjölskyldum í Reykjavík á uppvaxtarárum Páls yngra. Systkinin spiluðu flest á hljóðfæri og oft var lagið tekið, ekki síst þegar söngelskir lögreglumenn litu við heima hjá Páli eldra, félaga sínum. Sumir þessara góðu söngmanna úr hópi löggæslumanna voru heimagangar á Skólavörðustíg 8.

Páll yngri átti því ekki langt að sækja áhuga sinn á söng og tónlist. Má segja að snemma hafi beygst hjá honum krókurinn til þess er verða vildi í lífi og starfi. Og löngum hélt hann tryggð við söngelska lögreglumenn.

Að loknu hefðbundnu barnaskólanámi í Miðbæjarskólanum settist Páll í Menntaskólann í Reykjavík og stundaði þar nám um eins vetrar skeið, 1925-26. Ekki átti þó fyrir honum að liggja að stunda langskólanám í bóklegum greinum. Tónlistin átti huga hans allan allt frá æskuárum. Hann hóf snemma tónlistarnám og stundaði það fyrst í einkatímum, því enginn tónlistarskóli hafði formlega verið stofnaður á þeim tíma. Það var ekki fyrr en á því merkisári 1930, að afloknu 1000 ára afmæli Alþingis, sem Íslendingar minntust með glæsibrag á Þingvöllum þá um



Páll ásamt samnemendum og kennurum á tröppum Miðbæjarnaskólans. Páll er fjórði frá vinstri í næstöftustu röð. Í þriðju öftustu röð má sjá Pál Ísólffson lengst til vinstri og dr. Franz Mixa fyrir miðju. Aftast til hægri stendur Ragnar í Smára.

sumarið, að Tónlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður á haustdögum þessa mikla menningar- og framfaraárs. Í desembermánuði hóf svo Ríkistútværpið starfsemi sína. Ætla má, eða jafnvel fullyrða, að menningarviðburðir ársins 1930, ekki síst tónlistarviðburðir og hátíðahöld, hafi orkað sterkt á yngismanninn Pál Kristin Páls-son, sem þá var á 18. ári.

Páll settist í Tónlistarskólann í Reykjavík strax við stofnun skólans haustið 1930. Til er skemmtileg mynd af honum ásamt öllum samnemendum hans og kennurum skólans þennan fyrsta vetur, tekin á tröppum Miðbæjarbarnaskólans (sjá mynd á bls. 15). Páll var í Tónlistarskólanum um þriggja ára skeið, fram til vors 1933. Einn af aðalkennurum hans á þessum árum var dr. Franz Mixa, sem komið hafði hingað til lands frá Austurríki, fyrir tilstuðlan Ragnars Jónssonar í Smára. Verkefni dr. Mixa voru einkum tvö: Annars vegar að vinna að undirbúningi tónlistarflutnings á Alþingishátíðinni 1930 og hins vegar að undirbúa, ásamt fleiri frumkvöðlum á sviði tónlistar, stofnun tónlistarskólans þá um haustið að afloknum hátíðahöldum á Þingvöllum.

Ætlunin var að hljóðrita og gefa út á plötum mörg helstu tónlistaratriði Þingvalla-hátíðarinnar. Til þess verks voru fengnir tæknimenn frá Englandi á vegum hins þekkta plötuforlags „His Master’s Voice“. Allar áætlanir um hljóðritanir á Þingvöllum fóru hinsvegar út um þúfur vegna veðurs. Var þá brugðið á það ráð „flytja“ mörg helstu tónlistaratriði hátíðarinnar suður til Reykjavíkur og taka þau upp að henni lokinni. Samkomuhúsinu „Bárunni“ var á svipstundu breytt í upptöku-„stúdíó“ og tónlistin síðan gefin út í glæsilegri röð 78 sn. hljómplatna á vegum Fálkans. Ætla má að öll þessi tónlistarstarfsemi, æfingar fyrir tónleikahald hátíðarinnar, svo og upptökurnar í „Bárunni“, hafi vakið umtalsverða athygli borgarbúa í Reykjavík, þar á meðal hjá fjölskyldunni söngelsku á Skólavörðustíg 8.

Aðrir kennarar Páls á þessum árum voru Hans Neff píanóleikari frá Vínarborg og dr. Páll Ísólfsson organleikari og tónskáld, sem var skólastjóri hins nýstofnaða skóla. Síðar nam Páll einnig hjá dr. Viktor Urbancic, einkum tónfræði- og hljómfraðigreinar, eftir að hann tók við kennslu þeirra greina, þegar dr. Mixa hætti störfum við skólann og fluttist aftur til Austurríkis.

Langt fram eftir ævi bjó Páll Kr. Pálsson við þær aðstæður, eins og raunar flestir eða allir íslenskir tónlistarmenn á þeim tíma, að geta einungis sinnt sínu helsta áhugamáli, tónlistinni, í stopulum frístundum frá öðrum skyldustörfum. Slíkum störfum urðu tónlistarmenn löngum að sinna hvern virkan dag, hvort sem þeim var það ljúft eða leitt, til þess að hafa í sig og á. Geta má nærri hvaða áhrif þetta hafði á möguleika Páls til að sinna tónlistarnámi sínu, æfa sig á hljóðfæri og til að rækja sín tónlistarstörf við upphaf starfsævinnar. Hann vann fyrir sér sem póstmáður í Reykjavík á árunum 1929-32 og sem skrifari hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík á árunum 1933-46.

Á Tollstjóraskifstofunni var Erlendur Guðmundsson í Unuhúsi (1892-1947) yfirmaður Páls og lenti hann því óhjákvæmilega inni í listamannahópnum fræga heima hjá Erlendi. Var Páll þar tíður gestur árum saman, eða þar til hann fór utan til framhaldsnáms. Hann varð á þessum árum víðlesinn, las næstum að segja allar þær bókmenntir sem hann komst yfir. Á rómuðum síðkvöldum í Unuhúsi við Garðastræti hitti hann listamenn eins og Nínu Tryggvadóttur, Halldór Kiljan Laxness og



Pórberg Þórðarson, svo einhverjir séu nefndir. Á þessum kvöldum var meira talað um listir og menningarmál heldur en pólitík, þótt hún fylgdi stundum með. Páll Kr. Pálsson var ekki einn um það að verða fyrir miklum áhrifum frá þeim hópi listamanna, skálda og rithöfunda sem þekktur varð af samkomum á heimili Erlendar þar sem gestrisnin réði ríkjum. Af lífsmynstri Páls síðar á ævinni má ef til vill ætla, að hann hafi smitast, að minnsta kosti lítillaga, af þeim vísi að „bóhemlífi“ sem til varð og þróaðist meðal listamannahópsins í Unuhúsi. Til gamans má í þessu sambandi nefna þekkt mósaíklustaverk Nínu Tryggvadóttur á kirkjuveggnum bak við altari Skálholtsdómkirkju. Telja kunnugir að í þeirri óræðu Kristsmýnd muni um ókomna tíð varðveitast svipmynd af Erlendi í Unuhúsi.

Meðal þess sem þekktast hefur orðið frá samkomum heima hjá Erlendi í Unuhúsi, voru samræður gesta hans um listir og menningarmál. Hitt vita færri, að í stofunni hjá Erlendi var undratæki sem Páll Kr. Pálsson hreifst hvað mest af. Var það upptrekkur grammófónn af stærstu og vönduðustu gerð sem þá voru fáanlegir. Svo stórt var þetta hljómlutningstæki, að það fyllti alveg út í eitt horn stofunnar og hljómlúðurinn stóri skagaði langt fram á stofugólfid. Úr þessum vandaða grammófóni fengu gestir Erlendar að heyra í fyrsta sinn mörg af meistaraverkum tónlistarsögunnar, sínfónúr, konserta og óperur, sem Erlendur pantaði beint frá útlöndum á stórum 78 sn. plötum (12 tommu plötum, sömu stærðar og vinylbreiðskífur síðari tíma). Þessi grammófónn Erlendar fór til erfingja hans en var síðan ánafnaður Reykjavíkurborg til varðveislu á Árbæjarsafni. Síðast var vitað af honum í geymslu á Korpúlfsstöðum.

Auk formlegs tónlistarnáms í skóla og hjá einkakennurum, notaði Páll flestallar frístundir sínar, að vinnudegi loknum, til þess að auka tónlistarþekkingu sína og

æfa sig á hljóðfæri. Í upphafi tónlistarnámsins og framan af starfsferlinum, lagði Páll einkum áherslu á píanóleik og nám í tónfræða- og hljómfraðigreinum. Hann náði mjög góðum tókum á píanóinu, bæði sem einleikari og meðleikari. Oft fór hann með söngvurum um landið, hvort heldur þeir héldu tónleika eða komu fram á skemmtunum og ýmsum menningarháttum. Í samstarfi sínu með söngfólki sýndi Páll það oft að hann hafði mikil og góð tök á því, sem aðeins er á færi góðra meðleikara, að tónflytja („transponera“) píanóundirleikinn og spila í þeirri tónhæð sem hverjum söngvara hentaði best. Píanótímabilið náði yfir um það bil tvo fyrstu áratuginna á náms- og starfsferli Páls.

Síðar á ævinni fór hugur Páls að hneigjast að orgelleik, kirkjutónlist og kórstjórn. Eftir þau „sinnaskipti“, tók hann að æfa sig á pípuorgel af miklu kappi og naut í þeim efnum góðs af kynnum sínum við dr. Viktor Urbancic, sem á þessum árum var organisti og kórstjóri í Landakotskirkju.

Þar kom að Páll ákvað að skipta um náms- og starfsvettvang og helga sig að miklu eða mestu leyti kirkjutónlistinni, svo og að búa sig sem best undir að geta síðar sinnt ýmsum kennslustörfum á sviði tónlistar. Eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar, þegar ferðafrelsi komst á að nýju og fór vaxandi, afréð Páll að brjótast til náms í útlöndum á þessu nýja áhugasviði sínu innan tónlistarinnar. Í því skyni fór hann fyrst til Stokkhólms en síðan til Kaupmannahafnar og dvaldi þar ytra við framhaldsnám í organleik og tónfræði á árunum 1946-47.

Allt frá því að tónlistarnámi fór að vaxa fiskur um hrygg hér á landi á fyrri hluta 20. aldar, höfðu íslenskir tónlistarmenn einkum sótt menntun sína til Danmerkur og Þýskalands. Meðal þeirra tónlistarskóla sem mjög var litið til sem fyrirmyndar fyrir upphaf og framþróun tónlistarkennslu hér á landi, voru tónlistarháskólarnir (eða „konservatóríin“) í Leipzig og í Kaupmannahöfn.

Árið 1947 afréð Páll Kr. Pálsson að leita á nýjar slóðir til framhaldsmenntunar á sviði kirkjutónlistar, sigldi til Skotlands og hélt til Edinborgar þar sem hann lagði stund á organleik, tónsmíðar, söng- og kórstjórn. Aðalkennarar hans voru H. Bunney í orgelleik og H. Gaul í tónsmíðum og söngstjórn. Þessu framhaldsnámi sínu lauk Páll tveimur árum seinna, vorið 1949, með glæsilegum tónleikum í St. Giles kirkjunni. Lék hann þar á orgelið sem hann hafði æft sig á allan þann tíma sem hann dvaldist í Skotlandi. Þetta pípuorgel var óvenju stórt á þeirra tíma mælikvarða, hafði yfir 100 raddir (registur), fjögur hljómborð og fótspil sem var „stjörnulagað“ eða „radial“. Slík lögun pedalborðs er einkenni á breskri orgelsmíði, en í þýskum orgelum er algengara að hafa pedalborðið beint eða „parallelt“.

Með námsdvöl sinni í Skotlandi varð Páll Kr. Pálsson meðal fyrstu tónlistarmanna íslenskra til þess að kynna sér breska orgel- og kirkjutónlist að einhverju marki og flytja þá þekkingu með sér heim til Íslands að námi loknu. Einnig notaði hann tímann í Edinborg vel til þess að viðað sé miklu af breskri orgel- og kórtónlist á nótum. Eignaðist hann á þessum fáu árum mikið og gott safn nótna með slíkum tónverkum



og ánafnaði hann allt þetta nótnasafn sitt Hafnarfjarðarkirkju og Hafnarfjarðarbæ eftir sinn dag. Enn í dag er það varðveitt uppi á lofti kirkjunnar, með þeim hætti sem Páll gekk frá því til gjafar og afhendingar.

Heimkominn haustið 1949 hóf Páll starfsferil sinn sem tónlistarkennari, söngstjóri og organleikari, fyrst í Reykjavík en fluttist til Hafnarfjarðar ári síðar, 1950. Bjó hann þar og starfaði upp frá því, allt þar til er hann varð að láta af störfum af heilsufarsástæðum.

Páll Kr. Pálsson stundaði tónlistarkennslu alla sína starfsævi og kom við sögu tónlistarmenntunar í mörgum skólum og á mörgum fagsviðum tónlistar, bæði í Reykjavík og í Hafnarfirði: 1949-54 var hann kennari við Söngskóla þjóðkirkjunnar. 1949-50 kenndi hann við Tónlistarskólann í Reykjavík. 1949-56 kenndi hann organleik við guðfræðideild

Háskóla Íslands. 1951-52 var hann söng- og tónlistarkennari við Kennaraskólann, í forföllum aðalkennara skólans í þeim greinum. 1950-67 kenndi hann við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og 1974-85 starfaði hann sem kennari við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

Árið 1950 var fyrir forgöngu Tónlistarfélags Hafnarfjarðar stofnaður tónlistarskóli þar í bænum og hefur hann alla tíð borið heitið Tónlistarskóli Hafnarfjarðar. Páll Kr. Pálsson tók við þessum nýstofnaða skóla, var ráðinn fyrsti skólastjóri hans og stýrði honum óslitið um rúma tvo áratugi, til ársins 1971. Þessi tónlistarskóli var einn af þeim fyrstu sem stofnaður var utan Reykjavíkur. Skólastjórinn nýskipaði markaði stefnu fyrir skólann strax í upphafi og samdi um hann reglugerð á grundvelli þeirra laga sem þar um giltu. Mun sú reglugerð hafa verið ein sú fyrsta um slíka stofnun og varð hún fyrirmynd að reglugerðarsmíð annarra skóla sem á eftir komu. Fyrsta árið var skólinn til húsa í einni stofu í Flensborgarskólanum og voru nemendur 18 talsins. Nú starfar hann í glæsilegu stórhýsi sem tengt er við Hafnarfjarðarkirkju og safnaðarheimili hennar.

Páll Kr. Pálsson var mikilvirkur kórstjóri, stjórnaði mörgum kórum í Reykjavík og í Hafnarfirði og stofnaði suma þeirra. Árið 1949 stofnaði hann fyrsta barnakór Útvarpsins og stjórnaði honum fram til ársins 1951. Samkór Reykjavíkur stofnaði hann og stjórnaði 1949-50. Hann var söngstjóri Karla-kórsins Þrasta í Hafnarfirði á árunum 1950-53 og aftur 1958. Hann stofnaði Kvennakór Garðahrepps og stjórnaði honum 1950-51. Söngstjóri Lögreglukórs Reykjavíkur var hann frá

1950 til 1966. Kom sér vel í kórstarfi með lögreglumönnum, hversu vel Páll hafði kynnst söngelskum mönnum úr þeirri stétt á æskuheimili sínu, forðum daga. Kór lögreglumanna hafði starfað áður um skeið og þegar hann var svo endurvakinn, þótti mönnum sjálfgefið að leita til Páls um söngstjórn. Brátt fór svo gott orð af starfi kórsins að hann var kallaður til þátttöku í norrænu söngmóti lögreglukóra sem haldið var í Stokkhólmi sumarið 1950. Þótti þessi söngferð takast með afbrigðum vel og var frammistaða kórsins öll hin glæsilegasta. Varð hún upphafið að löngu og farsælu samstarfi lögreglumanna á Norðurlöndum í söng- og tónlistarmálum. Páll stjórnaði Lögreglukórnum samtals í sextán ár og aldrei fór hann fram á þóknun fyrir þessa vinnu sína, útsetningar fyrir kórinn, æfingar og söngstjórn. Vinir hans vissu að þetta mikla og óeigingjarna starf vann hann í minningu föður síns og foreldra.

Síðari hluta starfsævinnar var Páll Kr. Pálsson þekktastur sem kirkjutónlistarmaður, stjórnandi kirkjukóra og síðast en ekki síst sem afar vel menntaður og fjölhæfur organleikari. Hann tók við starfi Friðriks Bjarnasonar sem organisti og kórstjóri Hafnarfjarðarkirkju og gegndi þeim störfum frá 1950 fram til 1985. Sömu störfum gegndi hann við Bessastaðakirkju á árunum 1950 til 1974.

Páll var dugmikill félagsmálamaður, var í þeim efnum forystumaður og brautryðjandi, ekki síst á sviði kirkjutónlistar og í samtökum organleikara. Meðal annars beitti hann sér fyrir því að íslenskir kirkjutónlistarmenn efndu til tónleikaraðar sem kölluð var „Musica sacra“. Að þeim tónleikum stóðu ásamt Páli félagar hans meðal kirkjutónlistarmanna, organistarnir í Dómkirkjunni í Reykjavík, Friðkirkjunni í Reykjavík og í Hallgrímskirkju. Árum saman hvíldi skipulag og undirbúningur „Musica sacra“-tónleikanna að mestu á herðum Páls Kr. og voru þeir haldnir í fyrrnefndum kirkjum í Reykjavík auk Hafnarfjarðarkirkju.

Páll Kr. Pálsson var einn af þeim sem beittu sér fyrir því að stofnað var Félag íslenskra organleikara árið 1951. Hann sat í fyrstu stjórn félagsins ásamt tveimur nöfnum sínum, þeim Páli Ísólfsyni dómorganista og Páli Halldórssyni organista Hallgrímskirkju. Formaður organistafélagsins var Páll Kr. á árunum 1965 til 1971 og kjörinn heiðursfélagi þess hinn 31. ágúst 1989.

Páll tók virkan þátt í norrænu samstarfi kirkjutónlistarmanna og sat sem fulltrúi okkar Íslendinga á mörgum norrænum þingum á þeim vettvangi. Einnig kom hann fram sem organleikari á norrænum kirkjutónlistarmótum, hér á landi og erlendis, kynnti þar oft orgelverk íslenskra tónskálda. Í dómnefnd um tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs sat hann 1983-85. Fyrir margvísleg störf á sviði tónlistar veitti Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, honum Riddarakross hinnar íslensku fálka-orðu, árið 1983.

Auk starfa sinna sem tónlistarmaður, flytjandi og stjórnandi, gaf Páll Kr. Pálsson sér einnig tíma til að sinna ýmsum áhugamálum sínum á sviði tónlistarinnar sem minna eru þekkt og skal hér aðeins nefnt fátt eitt af því tagi. Hann fékkst talsvert við tónsmíðar og útsetningar af ýmsum toga, einkum var þar um að ræða raddsetn-

ingar fyrir kóra, oft með undirleik hljóðfæra, einkum orgels. Meðal annars útsetti hann íslensk þjóðlög og gömul sálmalög. Páll var vel pennafær og fékkst talsvert við ritstörf, skrifaði og þýddi ýmislegt efni á sviði tónlistar og tónlistarsögu. Við ritstörf sín og þýðingar hefur hann vafalaust notið góðs af þeim mikla bóklestri sem hann stundaði á yngri árum, svo og kynnum sínum af rithöfundum, skáldum og þýðendum í Unuhúsi forðum daga. Meðal rita og þýðinga Páls eru: *Barnasöngvar*, 30 lög samantekin og raddsett við ljóð eftir Stefán Jónsson, í hdr., 1942; *Handbók söngkennara*, fjölr., 1952; *Ágrip af tónlistarsögu fyrir miðskóla*, 1953; *Söngvasafn I.O.G.T.*, valdi og raddsetti sum lögin, 1954; *Tónfræði fyrir miðskóla*, 1959; *Tónlistarsaga* (fjölr.), 1980; *Tónlistarsaga, ágrip*, 1983; *Tónfræði* í hdr. Fjöl margar greinar um kirkjumúsík, kór- og orgeltónlist birtust eftir hann í blöðum og tímaritum, einkum tímaritinu *Tónlistin* og í *Organistablaðinu*.

Páll vann talsvert að þjóðfræðasöfnun, m. a. safnaði hann á hljóðrit röddum ýmissa Hafnfirðinga, bæði þekktra framámanna bæjarins og alþýðufólks úr ýmsum starfsgreinum og stéttum þjóðfélagsins. Hann safnaði íslenskum þjóðlögum, skraði þau á nótur og eru þau enn í dag einungis varðveitt í handritum. Margvíslegt annað efni er varðveitt í handritasafni Páls, tónsmíðar, útsetningar af ýmsu tagi, einkum fyrir kóra, hljóðfæratónlist, handrit að bókum, greinum o. m. fl. Í hljóðritasafni Páls eru varðveittar upptökur á segulböndum og snældum (kassettum) með margvíslegu efni, kirkjutónlist, orgeltónlist, kórtónlist og töluðu orði, m. a. eru þar raddir Hafnfirðinga. Í ljósmyndasafni hans er mikið af vönduðum svart/hvítum myndum sem spanna nær allan æviferil Páls, þar eru myndir af honum sjálfum, samferðamönnum og samstarfsfólki í gegnum tíðina, ekki síst af kórum sem hann stjórnaði, af einsöngvurum, hljóðfæraleikurum, organistum og af norrænum samstarfsvettvangi. Allt er þetta mikla gagnasafn Páls enn varðveitt í fórum erfingja hans, lítt rannsakað og enn óskráð.

Hljóðritanir með tónlistarflutningi Páls spanna drjúgan hluta af starfsævi hans, einkum þó síðari árin, eftir að hann var orðinn atkvæðamikill kirkjutónlistarmaður. Er þar bæði um að ræða kórsöng undir hans stjórn svo og einleik á orgel og þá langoftast á orgel Hafnarfjarðarkirkju. Í hljóðritasafni Ríkisútvarps er mikið til af óútgefnum hljóðritunum, allt frá 6. áratug 20. aldar og framundir starfslok Páls, samtals um 60 færslur í höfunda- og flytjendaskrá. Af útgefnu efni ber hæst tveggja hljómplatna sett, síðar útgefið á einum geisladiski, þar sem hann leikur á orgel Hafnarfjarðarkirkju alls 14 tónverk eftirtalinna tónskálda: J. S. Bach (2), Friðrik Bjarnason (2), Björgvin Guðmundsson (2), Steingrím Sigfússon (2), Þórarin Jónsson (1), Pál Ísólffson (1), Sigursvein D. Kristinsson (1), Hallgrím Helgason (2), og Leif Þórarinsson (1). Verkið eftir Pál Ísólffson, *Ostinato e fughetta*, var sérstaklega samið fyrir Pál Kr. og tileinkað honum. Verkið er fremur stutt en afar áheyrilegt og vel samið fyrir orgel. Páll Kr. lék þetta verk nafna síns oft og er undirrituðum greinarhöfundi mjög minnistæður einn flutningur þess. Það var á móti norrænna



lögreglukóra sem haldið var hér á landi sumarið 1966. Við helgiathöfn í Skálholtsdómkirkju var tvennt ógleymanlegt, annars vegar undurfagur söngurinn í Skálholtskirkju þéttskipaðri norrænum lögreglumönnum og hins vegar glæsilegur organleikur Páls Kr. á Frobenius-orgelið, einkum í fyrrnefndu tónverki nafna síns Ísólfssonar.

Síðast en ekki síst ber að nefna þann starfsvettvang Páls Kr. Pálssonar, sem ef til vill mun halda nafni hans hvað lengst og best á lofti. Forveri Páls í tónlistarlífi Hafnirðinga, Friðrik Bjarnason tónskáld og eiginkona hans höfðu ákveðið að gefa Hafnarfjarðarbæ mestallar eigur sínar (sjá nánar í grein um Friðrik hér að framan). Höfðu þau hjónin samráð við Önnu Guðmundsdóttur yfirbókavörð um það hvernig varðveislu safns þeirra yrði best hagað. Fram kom sú hugmynd að stofna sérstaka tónlistardeild við Bókasafn Hafnarfjarðar og var Páll Kr. Pálsson fenginn til að vinna að undirbúningi og stofnun deildarinnar. Var hún formlega opnuð í tilefni af átræðisafmæli Friðriks og skyldi hún bera nafn tónskáldsins og heita Friðriksdeild (sjá nánar hér að framan). Páll varð fyrsti forstöðumaður hinnar nýju tónlistardeildar og stýrði henni með miklum myndarbrag, allt frá því að hún var opnuð 1960 og fram til ársins 1987, er hann lét af störfum vegna heilsubrests, eins og fyrr er getið.

Páll Kr. Pálsson var tvíkvæntur:

Fyrri kona hans (6. okt. 1934) var Margrét (f. 27. nóv. 1907, d. 16. júní 2003) Árnadóttir umboðsmanns frá Höfðahólum, Árnasonar, og k. h. Ingibjargar Pálsdóttur. Þau skildu. Börn þeirra eru: (Sigurður) Hrafn, f. 17. maí 1936, tón-

listarmaður og fyrrum deildarstjóri í heilbrigðisráðuneyti, kona hans er Vilborg Kristjánsdóttir, fyrrum ritari forseta Íslands; Ingibjörg, f. 16. nóvember 1940, d. 24. maí 1946, og Margrét, f. 14. september 1943, kennari og flugfreyja, gift Halldóri Halldórssyni verkfræðingi og lengst af flugmanni hjá Flugleiðum.

Síðari kona Páls (20. apríl 1957) var Kristín Júlíusdóttir kennari (f. 19. mars 1931, d. 4. mars 2001). Þeirra synir eru: Páll Kristinn, f. 22. apríl 1956, félagsfræðingur og rithöfundur, kvæntur Elsu Maríu Ólafsdóttur, hannyrðakennara, og Júlíus, f. 17. janúar 1958, hagfræðingur og ferðaskrifstofueigandi í Kaupmannahöfn, kvæntur Birnu Arinbjarnardóttur þroskaþjálf. Þá átti Páll dótturina Guðrúnu Helgu, hjúkrunarfræðing, f. 14. janúar 1953, með Agnesi Jónínu Árnadóttur. Barnabörn Páls og aðrir afkomendur eru myndarlegur ættbogi, út af honum kominn.

Í nýlegu samtali við Ingibjörgu Benediktsdóttur, systurdóttur Páls, svo og í minningargrein hennar um frænda sinn, er honum lýst svo: „Mér fannst hann vera afskaplega fallegur maður, með fallett rautt hár. Hann var mjög heillandi, hlýr, brosmildur og afskaplega barngóður við okkur systkinin, það man ég best. Hann hafði afskaplega góða nærveru, maður hlakkaði alltaf til þegar hann kom í heimsókn, vegna þess að hann var svo skemmtilegur og hann var svo nærgætinn. Af samtölum við lögreglumenn, sem sungu undir hans stjórn í Lögreglukórnum, veit ég að hann var afskaplega vel liðinn, þeir töluðu sérstaklega fallega um kórstjóran sinn. Að mínu mati fannst mér Páll frændi vera mjög vel gefinn, eftirminnilegur bæði í útliti og viðmóti, hann var svo skarpleitur, fallegur maður og sjarmerandi. Mér fannst eins og það leiftraði af honum“. Ingibjörg minnst þess sérstaklega, hve mikil glaðværd og samheldni ríkti alla tíð í systkinahópnum stóra frá Skólavörðustígnum. Jafnframt er henni minnistætt hve mikil hlýja og væntumþykja ríkti milli Páls og móður hennar, Sigríðar. Hún var yngst systkinanna, lifði þau öll og andaðist fyrr á þessu ári.

Sem kennara er Páli lýst þannig að hann hafi verið óvenju víðsýnn og lagt sig fram um að koma til móts við áhugasvið nemenda. Til dæmis má nefna að þegar Bítlarnir bresku voru búnir að gefa út sína fyrstu frægu hljómplötu, var Páll fljótur til að kaupa af henni eintak. Kom hann strax með gripinn í tíma í Flensborgarskólanum, skrifaði nafn Bítlanna á ensku, stórum stöfum á töfluna, setti síðan plötuna á fóninn og spilaði lagið „She loves you“. Víðsýni sem þetta höfðu ekki allir tónlistarkennarar til að bera á þeim árum, hvort það hefur breyst á síðari tímum skal ósagt látið.

Síðustu æviárin voru Páli Kr. Pálssyni erfið vegna heilsubrests. Hann var til þess neyddur að hætta störfum sem kirkjutónlistarmaður og kennari þegar hann á efri árum fékk Parkinsonsveiki. Mátti hann í því efni una sömu örlögum eins og nafni hans, vinur og samstarfsmaður, Páll Ísólfsson dómorganisti.

Síðustu árin dvaldi Páll á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hann andaðist 29. október 1993 og var jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þann 12. nóvember. Í tilefni af aldaramæli hans, þann 30. ágúst 2012, svo og í tilefni af 50. ártíð fyrirrennara



hans, Friðriks Bjarnasonar tónskálds þann 28. maí 2012, er í Bókasafni Hafnarfjarðar opnuð minningarsýning um þessa tvo frumkvöðla og forystumenn í tónlistarlífi Hafnfirðinga. Með sýningunni er jafnframt minnst 90 ára afmælis bókasafnsins, þann 18. október 2012.

Helstu heimildir um Pál Kr. Pálsson, ævi hans og störf:

Ritaðar heimildir:

- Egill R. Friðleifsson f. 1940: „Páll Kr. Pálsson - Minning“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, s. 30.
 Friðjón Þórðarson 1923-2009: „Páll Kr. Pálsson - Minning“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, s. 30.
 Gunnar Gunnarsson f. 1952: „Kveðja frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, s. 30.
 Gunnþór Ingason f. 1948: „Páll Kr. Pálsson - Minning“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, s. 30-31.
 Hallgrímur Helgason 1914-1994: „Páll Kr. Pálsson - Minning“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, s. 31.
 Ingibjörg Benediktsdóttir f. 1948: „Páll Kr. Pálsson organisti - Minning“. *Morgunblaðið*, 13. 11. 1993, s. 44.
Kennaratal á Íslandi. 1. - 5. bindi. Ritstjórar Ólafur Þ. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir. Reykjavík, Oddi, 1985-1988. 2. b., s. 52; 5. b., s. 12; Páll Kristinn Pálsson.
 Kjartan Sigurjónsson organleikari og formaður Félags íslenskra organleikara: „Páll Kr. Pálsson organisti - Minning“. *Morgunblaðið*, 13. 11. 1993, s. 44.
 Ólafur Stephensen píanóleikari: „Páll Kr. Pálsson - Minning“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, bls. 31.
 Vilborg Einarisdóttir tónlistarnemi: „Páll Kr. Pálsson - Minning“. *Morgunblaðið*, 12. 11. 1993, s. 31.

Rafrænar heimildir:

Bókasafn Hafnarfjarðar: Upplýsingar af heimasíðu safnsins, m. a. um tónlistardeild safnsins og sögu hennar.

Munnlegar heimildir og aðstoð:

Bókasafn Hafnarfjarðar. Anna Sigríður Einarisdóttir forstöðumaður og Valdemar Pálsson deildarstjóri tónlistardeildar: Munnlegar heimildir og upplýsingar af margvíslegu tagi. Aðstoð við yfirllestur og frágang handrits.

Börn Páls Kr. Pálssonar, Hrafn Pálsson f. 1936 og Margrét Pálsdóttir f. 1943: Munnlegar heimildir og upplýsingar af margvíslegu tagi. Lán á myndefni og ýmsu öðru efni úr dánarbúi Páls Kr. Pálssonar. Aðstoð við yfirllestur og frágang handrits.

Gestur Ólafsson arkitekt, eigandi Unuhúss, f. 1941: Munnlegar heimildir og upplýsingar.

Gunnar Guttormsson f. 1935: Munnlegar heimildir og upplýsingar. Aðstoð við yfirllestur og frágang handrits.

Ingibjörg Benediktsdóttir f. 1948: Munnlegar heimildir og upplýsingar af margvíslegu tagi. Viðtal hljóðritað á heimili Ingibjargar 21. 06. 2012. Lán á myndefni. Aðstoð við yfirllestur og frágang handrits.



BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR